

Múlaping
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngáasi 12
700 Egilsstaðir

Garðabær, 6. nóvember 2025
202509-0167/Á.G.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulagi - Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 - Gilsárvirkjun .

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Múlaping er barst 29. september þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 vegna Gilsárvirkjunar.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að afmarka nýtt iðnaðarsvæði fyrir Gilsárvirkjun sem er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun, auk mannvirkja henni tengdri. Auk þess er afmarkað nýtt efnistökusvæði þar sem heildar efnispörf er 60.000 m³ og vegtenging.

Vistgerðir

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar¹ eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar starungsmýravist (L8.9), lyngmóavist (L10.8) sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Að auki er að finna vistgerðirnar fjalldrapamóavist (10.6) og urðarskriðuvist (L3.1) innan framkvæmdasvæðisins sem hafa miðlungs verndargildi en báðar á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Starungsmýravist er lítið til nokkuð hallandi, deigt til blautt, þýft mýrlendi vaxið mýrastör og fleiri votlendistegundum, á sléttlendi og í hlíðum. Hún hefur ríkulegt fuglalíf þar sem algengustu varpfuglar eru lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*).²

Lyngmóavist er þurrt og þýft mólendi vaxið krækilyngi, bláberjalyngi, beitleyngi og fleiri lágvöxnum lyng- og mólendistegundum, oft í talsverðum halla, í hlíðum, á hryggjum og bungum. Land er vel gróið, gróður lágvaxinn, æðplöntur ríkjandi, mosi allmikill og fléttur nokkrar. Fuglalíf er allríkulegt í vistgerðinni með algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), spói (*Numenius phaeopus*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), lóupræll (*Calidris alpina*) og rjúpa (*Lagopus mutus*).³

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/starungsmyravist>

³ <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/lyngmoavist-a-laglendi>

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Varðandi vistgerðarkort er vert að hafa í huga að viðmiðunarmælikvarði vistgerðarkotlagningar er 1:25.000, þannig ekki er alveg öruggt að þessar vistir finnist innan marka skipulagssvæðisins. Þar sem að sveitarfélagið telur að það sé ekki alveg öruggt að þessar vistgerðir finnist innan marka svæðisins bendir Náttúruverndarstofnun á þann möguleika að svæðið verði kortlagt og greint með meiri nákvæmni m.t.t. til vistgerða. Einnig vill stofnunin minna á að í kafla 4 skipulagsreglugerðar segir að ef óvissa er um áhrif á umhverfið, eða mat á áhrifum kallar á frekari rannsóknir og nánari athugun á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags og/eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skal gerð grein fyrir því í aðalskipulagstillögunni.

Vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Fjalla þarf um hvort framkvæmdin muni raska rennsli um fossa sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Votlendi

Náttúruverndarstofnun bendir á samfelld votlendi yfir 2 ha. nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum, en á neðri hluta svæðisins fer pípuleiðin um jaðar votlendissvæðis á gilbrúninni en verður að mestu í mel, en þó þarf að fara í gegnum votlendi á nokkrum stöðum þar sem vatn rennur niður í gilið. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er votlendi á svæðinu sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun vekur athygli á því að í áliti Skipulagstofnunar um ákvörðun um matskyldu er bent á mikilvægi votlendisins og sá þáttur renni stöðum undir að framkvæmdin kynni að hafa mikil áhrif á umhverfið og þurfi því að fara í mat á umhverfisáhrifum.⁴

4

<https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/11D3QrQ6O7wLA7A2VuGwAF/c50ba0e0f803d47871bda6b130b06cf2/Gils%5Fvirkjun%5F-%5F%5Fkv%5F%5Fun%5FSLs.pdf>

Náttúruverndarstofnun getur tekið undir að á jaðri svæðisins getur verið þurrt svæði, en þess bera að geta að kortasjá NÍ er í kvarðanum 1:25.000. Náttúruverndarstofnun telur að við gerð skurða geti svæðið drenast og valdið raski á votlendi. Því telur Náttúruverndarstofnun, vegna nálægðar við votlendi, óljóst hvort votlendi verði raskað Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufernbærni sem verða fyrir röskun.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Fossar

Náttúruverndarstofnun bendir á að huga þarf að fossum en þeir njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í greinargerð kemur fram að stærsti fossinn, Olnbogafoss, muni verða fyrir breytingu á rennsli þegar það er lítið.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á fossum sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem framkvæmdin geri ráð fyrir röskun á fossum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig þarf að koma fram, þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á fossum hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á þeim.

Efnistaka

Í greinargerð segir að gert sé ráð fyrir að heildarefnisþörf við virkjunarframkvæmdirnar verði um 60.000 m³. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að jarðvegskönnun fari fram. Náttúruverndarstofnun bendir á að óathuguðu máli er erfitt að segja til um efnisgæði, sérstaklega í skeringum þar sem oft er óvissa um efnisgæði. Varðandi frágang ætti ekki að leggja áherslu á að slétta röskuð svæði heldur móta þau þannig að yfirborð og lögun sé í sem mestu samræmi við óraskað land. Hafa þarf í huga að ef land er “of” slétt getur það gert gróðri erfitt að festa rætur á viðkomandi svæði. Einnig bendir stofnunin á að huga þurfi að því að ekki er gott malarefni á lausu í nágrenninu.

Rennslishættir og fiskigengd

Náttúruverndarstofnun tekur undir athugasemdir Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnunar varðandi rennsluhætti og fiskigengd í ánni eftir framkvæmdina. Það er ekki fullkannað og hafið yfir eðlilegan vafa að framkvæmdin hefði ekki neikvæð á stærri svæði árinna en haldið er fram í skýrslu EFLU (Breyting á aðalskipulagi – Gilsárvirkjun) um hver áhrifin gætu verið í allri ánni.

Ósnortin náttúra - Samfélagsleg áhrif við núllkost

Í kafla 4.4 í skýrslu EFLU (Breyting á aðalskipulagi – Gilsárvirkjun) er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdanna og meðal annars farið yfir samfélagsleg áhrif þeirra. Þau eru metin jákvæð enda þýðir framkvæmdin á töluverð umsvif og þjónustu á undirbúningsstigi og á framkvæmdarstigi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í stefnuáætluninni Ísland 2020 er meðal annars fjallað um gildi ósnortrar náttúru en þar er sagt „Ósnortin náttúra er einnig auðlind, sem skilar áþreifanlegum og óáþreifanlegum ávinningi, m.a. ferðaþjónustu og almennri útivist“.⁵ Það er því mat Náttúruverndarstofnunar að samfélagsleg áhrif af kosti núll yrði líka jákvæður enda felur hann í sér áframhaldandi ósnorta náttúru.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að meta samfélagsleg áhrif bæði virkjunarkosts og núllkosts út frá víðara sjónarhorni en einungis orkuöryggi. Þó að núllkostur feli ekki í sér nýja orkuvinnslu getur hann haft jákvæð samfélagsleg áhrif, einkum með því að viðhalda ósnortinni náttúru, landslagsheildum og útivistargildi svæðisins.

Óröskuð náttúra hefur mikið efnahagslegt og samfélagslegt gildi, m.a. vegna ferðaþjónustu, útivistar, lífsgæða íbúa og tengsla við náttúruna. Slík gæði stuðla að heilsu, vellíðan og aðdráttarafl byggðar. Núllkostur getur þannig, þrátt fyrir óbreytt orkuöflun, skilað samfélagslegum ávinningi til lengri tíma með því að varðveita náttúru og einkenni svæðisins í samræmi við stefnu stjórnvalda um vernd ósnortinnar náttúru og sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Loftslag og náttúrubundnar loftslagslausnir

Að mati Náttúruverndarstofnunar getur núllkostur einnig haft jákvæð áhrif á loftslag. Óröskuð vistkerfi, þar á meðal mýrar, votlendi og birkikjarr, gegna mikilvægu hlutverki í bindingu kolefnis og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með því að forðast framkvæmdir sem fela í sér jarðrask, rask á vistgerðum og á vatnsbúskap, er stuðlað að varðveislu náttúrulegra kolefnisbirgða í jarðvegi. Þannig getur núllkostur, sem felur í sér að virkjunin verði ekki reist, talist hluti af loftslagsaðgerð í samræmi við stefnu stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland 2040 og markmið Parísarsamningsins. Slíkt

⁵ <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/island2020.pdf>

sjónarmið er í samræmi við áherslur í aðgerðaráætlun stjórnvalda um að draga úr losun með vernd og endurheimt vistkerfa.

Athugasemd við framsetningu um vægi áhrifa

Náttúruverndarstofnun bendir á að í greinargerð kemur fram að vægi umhverfisáhrifa sé flokkað sem jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss, en ekki er gert ráð fyrir flokki „engin áhrif“.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er því mikilvægt að bæta flokkunina með skýrum viðmiðum fyrir engin áhrif, þannig að hægt sé að greina á milli raunverulegs ástands náttúrunnar og þeirra breytinga sem framkvæmdin gæti haft í för með sér. Skortur á slíkri flokkun getur leitt til þess að núllkostur sé ranglega túlkaður sem áhrifalaus, í stað þess að endurspeгла þau jákvæðu verndaráhrif sem felast í viðhaldi á náttúrulegu ástandi vistkerfa. Að mati Náttúruverndarstofnunar bendir á að með núllkostinum er tryggt að vistgerðir með hátt verndargildi, m.a. votlendi og lyngmóar, haldist ósnortnar, lífsskilyrði fugla og annarra lífvera raskist ekki, og landslag, fossar og gróðurfar við Gilsá varðveitist óbreytt og þar af leiðandi haft jákvæð áhrif.

Virðingarfyllt,

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Axel Benediktsson

teymisstjóri